

Skólanefndarfundur 2. febrúar 2016

Kl. 16:15 í FSH.

Mættir eru skólanefndarmennirnir Erna, Halldór, Lilja, Trausti og Þorkell Lindi, Dóra skólameistari, Valdimar fulltrúi kennara, Eva Matthildur fulltrúi nemenda og Jóney aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

Erna býður fundarmenn velkomna og setur fundinn.

Dagskrá er svohljóðandi:

1. Uppgjör haustannar
2. Rekstur skólans
3. Skýrsla starfshóps um stöðu og framtíð framhaldsskólastarfs á norðaustursvæði (skýrslan er í viðhengi)
4. Önnur mál.

1. Jóney segir frá haustönn 2015. Nemendur voru 100 og skiptust alveg jafnt á milli kynja. Nýnemar voru 42, þar af 6 fjarnemar og 10 nemendur Fjarmenntaskólans. Flestir nemendanna eru á félagsfræðibraut (nýju og gömlu) og næstflestir á náttúrufræðabraut (nýju og gömlu). 8 nemendur hættu námi á önninni, þar af 2 fjarnemar og 2 Fjarmenntaskólanemar. Nemendur luku 1574 einingum og meðaleinkunn var 7,6.

2. Dóra lýsir tölum yfir rekstur skólans. Hún útskýrir að rekstraráætlun muni ekki ganga upp vegna launaliðarins en laun kennara og annarra starfsmanna hafa hækkað talsvert. Munur á launaliðnum á milli árána 2014 og 2015 er 32 milljónir. Því er erfitt að áætla launaliðinn. Annað mun nokkurn veginn ganga eftir áætluninni. Fundarmenn ræða um að ríkið beri ábyrgð á launasamningum og hljóti því að bæta upp það sem á vantar.

3. Dóra kynnir skýrslu starfshóps um stöðu og framtíð framhaldsskólastarfs á norðaustursvæði og ræðir þar sérstaklega samning á milli skólanna sem snýr að auknu samstarfi. Hún segir frá fundi skólameistara skólanna sem um ræðir með menntamálaráðherra. Halldór sat einnig þann fund. Ráðherra var ánægður með skýrsluna og hefur ráðið Svanfríði Jónasdóttur sem verkefnisstjóra í hlutastarf í fjóra mánuði. Vonir standa til að hægt verði að hefja formlegt samstarf næsta haust. Svanfríður mun leggja drög að þróunaráætlun. Fundarmenn lýsa ánægju með skýrsluna og samstarfið og hversu vel mál hafa þróast frá því í vor.

4. a) Dóra segir frá því að nemendur skólans hafi verið í 1. sæti í Bréfamaraboni Amnesty International. Aðgerðarstjóri Amnesty á Íslandi mun koma hingað 9. febrúar og afhenda nemendum viðurkenningu og kynna samtökin.

b) Dóra segir Lífshlaupið hefjast á morgun og að því ljúki 16. febrúar og hafa nemendur og starfsmenn verið hvattir til þátttöku.

c) Dóra tilkynnir að Sigurður Narfi kennari skólans hafi farið á Bett ráðstefnu í London og kynnt sér sérstaklega tækni tengda fjarkennslu og fjarnámi.

d) Eva Matthildur og Dóra kynna Dillidaga sem verða síðustu vikuna í febrúar og gengur nemendum ágætlega að undirbúa þá ásamt árshátíðinni sem verður á laugardeginum.

e) Dóra lýsir ánægjulegum niðurstöðum áfangakönnunar sem lögð var fyrir í einum áfanga hjá hverjum kennara á haustönn þar sem spurt var um hvernig líður þér í áfanganum og var þar 80% jákvæð svörun. Mikilvægt er að nemendum líði vel.

f) Erna segir frá því að hún sé skipuð af sveitarfélaginu í skólanefnd og á næsta bæjarstjórnarfundum muni hún biðjast lausnar frá störfum í nefndinni. Hún þakkar fyrir samstarfið og henni eru þökkuð góð störf í þágu skólans.

Fundi er slitið kl. 17:15.